



**Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blöndubæjar - 8. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 6. maí 2015  
og hófst kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Valgarður Hilmarsson, formaður  
Harpa Hermannsdóttir, aðalmaður  
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður  
Jakob Jónsson, aðalmaður  
Valdimar Guðmannsson, varamaður  
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi  
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Þór Bragason,

**Dagskrá:**

**1. Brimslóð 10A Umsókn um breytta notkun. - 1503014**

Lagðar fram tvær umsagnir vegna grenndarkynningar á breyttri nokunn húsins að Brimslóð 10A.

Á fundi skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar 8. apríl sl. var samþykkt að grenndarkynning vegna breyttrar notkunar og breytinga á húseigninni Brimslóð 10A tæki til húseignanna Brimslóð 10B og 10C. Grenndarkynningin var send eigendum framangreindra eigna 20. apríl sl. með umsagnarfresti til 20. maí nk. Skrifleg svör hafa nú borist frá báðum þessum aðilum og eru efni þeirra eftirfarandi: Eigandi Brimslóðar 10B gerir engar athugasemdir við hinar grenndarkynntu breytingar. Eigandi Brimslóðar 10C gerir eftirfarandi umsögn: "Hef kynnt mér breytingar sem fyrirhugaðar eru á Brimslóð 10A. Ég geri ekki athugasemdir við þær breytingar enda hafi þær ekki áhrif á þá starfsemi sem rekin er í Brimslóð 10C og 10B. Þar er rekin alhliða iðnaðarstarfsemi og geri eigendur Brimslóðar 10A sér grein fyrir því og gefi skriflega yfirlýsingu um að þeir geri ekki athugasemd við það." Vakin er athygli á því að Brimslóð 10B og 10C eru skráðar sem vörugæmslur á iðnaðar- og athafnalóðum. Því getur "alhliða iðnaðarstarfsemi" ekki farið þar fram án undangenginnar samþykktar á breyttri notkun húsnæðis sem hefði í för með sér grenndarkynningu og útgáfu starfsleyfis fyrir þá starfsemi sem þar væri áformuð. Nefndin lítur því svo á að ekki séu gerðar athugasemdir við breytta notkun og breytingar á húseigninni Brimslóð 10A, og er því fyrirvari um samþykkt byggingaráform frá 8. apríl sl. felldur niður.

**2. Viðbygging við hesthús að Arnargerði 7 Umsókn um byggingarleyfi. - 1504037**

Umsókn um byggingarleyfi til viðbyggingar við hesthúsið að Arnargerði 7, Blönduósi.

Erindinu fylgir aðaluppdráttur gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi, teikning nr. 100 í verki nr. 5013-026, upphaflega dagsettur 15.10.2013 en breytt 04.05.2015. Sótt er um að byggja 2,5m breiða hlöðu norðan við húsið. Þá verður veggur hússins 0,3m frá lóðamörkum sem snúa að óbyggðu svæði. Nefndin vekur athygli á því að samkvæmt skipulagsskilmálum ber að sýna taðpró innan lóðar. Nefndin samþykkir byggingaráformin.



**3. Brekkubyggð 24 - Umsókn um byggingarleyfi Breyting á gluggum og útihurð. - 1505001**

Erindi frá Bjarna Pálssyni, umsókn um byggingarleyfi til að breyta gluggum og útihurðum á húseign hans að Brekkubyggð 24.

*Erindinu fylgir aðaluppdráttur gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi, teikning nr. 100 í verki nr. 5015-024, dags. 04.05.2015. Nefndin samþykkir byggingaráformin.*

**4. Tiltektardagur - 1504036**

Átak í hreinsun á lóðum á Blönduósi

*Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd óskar eftir að farið verði sérstaklega yfir hvar þörf er á úrbótum í tilefni af átaki í tiltekt í bænum og leggur til að sendar verði skriflegar ábendingar og hvatning til hlutaðeigandi aðila. Nefndin óskar eftir að skoðað verði í samráði við Heilbrigðiseftirlitið til hvaða úrræða hægt er að grípa til ef ekki verður brugðist ábendingum um úrbætur.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50**
